

ráðast í þessa vafasömu hafnarbót. Er trygging fyrir því að bryggja þessi þoli ísrek og áföll sjávar? Það væri ver af stað farið en heima setið ef bryggjan á 1. eða 2. ári -sykki í saltan mar með tugi þúsunda í effirdragi. Vonandi verður þetta at-  
hugað vandlega. Og að síðustu, mundi ekki heppilegra að þrauka 1 eða 2 árin ennþá, við ófullkomnar bryggjur á hafnarlóðinni, í þeirri von að kleyft þyki í næstu framtíð að byggja viðunandi og fullkomin hafnarvirki, sem um leið veiti skjól öllum síldarplássum fyrir innan sig?

## Þingmálafundur.

(Af óvæntum ástæðum var ekki hægt að birta áframhald fundarins fyrir en nú).

Næst komu til umræðu ýms sveitamála og var bæjarfógetinn framsögumaður þeirra, og fara tillögur hér á eftir.

1. Varnargarður á Siglufljóðareyri:

Fundurinn skorar á alþingismenn Eyja-fjarðars. að fá því framgengi við þing og stjórn, að varið verði úr ríkissjóði nægilegu fé til viðgerðar varnargarði þeim, er ríkissjóður hefir látið gera norðan með Siglufljóðareyri. Gardurinn er nú mjög skemdur af sjávargangi, og telur fundurinn hættu á að kaupstaðarlandið, sem er eign ríkisins, eyðist á fáum árum, ef ekki er að gert hið allra fyrsta. Væntir fundurinn þess að hið háa alþingi, sem halda vill fast í þessa eign, láti eyrina ekki eyðast í höndum ríkisins, og láti fjárveitingu til þess ganga fyrir öðrum fjárveitingum.

Tillagan samþ. í einu hljóði.

2. Blossaviti:

Fundurinn skorar á alþingismenn Eyja-fjarðars. að fá því til vegar komið hjá þingi og stjórn, að sem allra fyrst verði byggður dálítill blossaviti á hentugum stað á Sandanesi, að vestan verðu við mynni Siglufljóðar, þar eð Siglunesviti, sem engu síður er innsiglingarviti fyrir Eyja-fjörð, komi ekki að fullum notum við innsiglingu á Siglufljóð.

Tillagan samþ. með öllum greiddum atkv.

3. Bankaútibú:

Fundurinn skorar á þingmenn Eyja-fjarðars. að gera sitt ítrasta til þess að seitt verði á stofn á næsta sumri hér á Siglufljóði útibú það frá Landsbanka Íslands, sem þingsályktunartillaga frá 1918 ræðir um.

Tillagan samþ. með öllum greiddum atkv.

4. Samgöngumál:

Fundurinn skorar á þingmenn kjördæmisins að fá því til leiðar komið, að öll skip, sem pósti flytja, og njóta styrks af ríkissjóði, hafi viðkomu á Siglufljóði þegar leið skipanna liggur fram hjá firðinum.

Tillagan samþ. með öllum greiddum atkv.

Þessu næst bar bæjarfógeti fram þessar tillögur:

5. Prentun alþingistíðindanna:

Fundurinn skorar á alþingismenn Eyja-fjarðars. að beita sér fyrir því, að prentun alþingistíðindanna, einkum ræðupartsins verði hraðað meir en áður.

Tillagan samþ. með öllum gr. atkv.

6. Slysátrygging verkamanna:

Fundurinn skorar á þingmenn sýslunnar að bera fram á alþingi þingsályktunartill.

er skori á stjórnina að leggja fyrir næsta þing frumvarp til l. um slysátryggingu verkamanna, einkum við verksmiðjuvinnu uppskipun og útskipun.

Tillagan samþ. með öllum gr. atkv. Sildartollur:

Þá bar Jón Guðmundsson verzlunarstjóri fram svohljóðandi tillögu:

Með því að útlutningsgjald á síld er nú svo óhæfilegu hátt, samborið við útl.gj. af öðrum afurðum landsins, með sérstöku tilliti til verðmætis sildarinnar, samborið við verð annarar vöru, einkum kjöts, skorar fundurinn fastlega á alþingi að lækka síldrtollinn niður í 0,50 aura af hverri síldartunnu.

Svohljóðandi varatillaga kom fram frá bæ jarfógeta Guðmundi Hannessyni:

Til vara skorar fundurinn á hið háa alþingi að lækka núverandi útlutningstoll á síld niður í eina krónu á hverja síldartunnu. Felur fundurinn þingmönnum kjördæmisins að flytja á næsta þingi frumvarp hér aðlútandi og fylgja því fast fram. Bendir fundurinn á, að einnar krónu gjald nú á síldartunnu miðað við verðmæti hennar þegar 3 kr. gjaldið var sett og nú, og einkum miðað við hagnað af hverri síldartunnu þá og nú, sé herra nú en 3 krónu gjaldið þá. Ef slík lækking nær eigi fram að ganga, muni síldveiðar frá landi leggjast bráðlega niður, en við það missa margir landsmenn viðsvegar á landinu lífvænlega atvinnu og afkomu, og að sama skapi minkar framleiðsla og erlendur gjaldeyrir landsmanna í stórum stíl.

Tillaga Jóns Guðmundss. samþ. með öllum gr. atkv. varatillagan sömu-leiðis.

Afnám landsverzlunar:

Fundurinn skorar á þingmenn sýslunnar að beita sér fyrir því af alefli að Landsverzlun verði lögð niður svo fljótt sem kostur er á, svo og enn fremur að vinna á móti því að ríkið taki að sér einkasölu á nokkrum vörutegundum frekar en orðið er.

Tillagan samþ. með öllum gr. atkv. Kjördæma skifting:

Bæjarfógeti Guðm. Hanness. bar fram svohlj. till:

Fundurinn skorar á þingmenn kjördæmisins að gjöra sitt ítrasta til þess að fá því til vegar komið, að lögsagnarumdæmi Siglufljóðarkaupstaðar verði hið allra fyrsta ítosað úr koaningasambandi við Eyja-fjarðarsýslu og gert að sérstöku kjördæmi með 1 þingmanni.

Tillagan samþ. með öllum gr. atkv. Um einkasölu á síld:

Sophus A. Blöndal bar fram svohljóðandi tillögu:

Fundurinn skorar á hið háa alþingi að nema úr gildi heimildarlög síðasta þings um síldareinkasölu, þar eð lögin komi ekki að tilæluðum notum vegna síldarsöltunnar útlendinga utan landhelgi eins og hafi sýnt sig í sumar þrátt fyrir alla strandgæslu og þrátt fyrir verstu veðráttu. Felur fundurinn þingmönnum kjördæmisins að flytja á næsta þingi frumvarp um afnám laganna og að fylgja því fast fram.

Tillagan samþ. með öllum gr. atkv. Leikimisáhöld:

Séra Bjarni Þorsteinsson bar fram svohljóðandi tillögu:

Fundurinn óskar þess að næsta alþingi veiti allt að 2000 kr. til að útvega leikimisáhöld til barnaskólans á Siglufljóði og til uppsetningar áhaldanna.

Till. samþ. með öllum gr. atkv. Fleira ekki fyrir tekið.

Fundi slitið.

B. Þorsteinsson  
fundarstjóri

G. Hafliðsson  
skrifari.

## Ný rit

»Sindri«, tímarit iðnfæðafélags Íslands, 2. árg. 2. hefti.

Í hefti þessu eru, eins og að undanförmu, margar og þarflegar ritgerðir og bendingar.

2. hefti byrjar á grein eftir Eggert V. Briem um smáidnað á Íslandi. Segir hann að menn greini á um það, hvort Ísl. eigi að verða idnaðariand eða að hve miklu leyti það eigi að vera það. Sumir halda því fram að heimurinn eigi að vera sameiginlegur öllum þjóðum og að á hverjum stað beri að eins að framleiða það, sem verðmætast sé í svipinn. Fyrir þá vöru eigi svo að kaupa allt annað að.

»Eftir þessari kenningu ætti Ísl. að framleiða fisk og kjöt, en lítið annað, því ef lítið er á yfirbörð fjárhagshliðarinnar eingöngu, ættum við að nota þau gæði, sem náttúran leggur oss upp í hendurnar, fiski-miðin og hagana, en fast sem minst við þá atvinnuvegi sem hægt er að stunda eins vel eða betur í öðrum löndum, og sem dragi vorn falið-  
aða vinnukraft frá beinni hagnýting náttúrugaðanna.

Þessi stefna er til orðin í þéttbýlu löndunum og er þar nauðsynleg til þess að halda mörgu fólki við lífið. En þar með er ekki sagt, að hún sé nokkrum til gagns á Íslandi.

Höfundurinn er nú ekki beint hlyntur þessari stefnu og færir ýms rök fyrir því. Vill hann að Íslendingar keppi að því að verða sjálfum sér nógir á sem flestum sviðum, enda sé menning nútímans ekki á svo háu stigi, að hún sé nokkur trygging fyrir fríðsamlegri sambúð þjóðanna, heldur miklu fremur hið gagnstæða og hann vill halda því fram, að við getum framleitt nægilega fjölbreyttan varning í landinu til þess, að vér gætum bjargast við hann nær einan og dregið oss út úr skarkala heimsins, ef hann yrði allt of mikill.

»Í þessu liggur ekki það, að vér ættum að forðast öll viðskifti við aðrar þjóðin, því slíkt væri fjarstæða. Heldur það, að til þess að hagur og menning þjóðarinnar hafi nokkurn veginn tryggja framtíð, þarf að framleiða í landinu, af innlend-  
um efnum, svo mikið af árlegum nauðsynjum, að þjóðin gæti látið sér nægja þær einar. Vér getum rólegir flutt inn byggingarefni og annað, sem vér getum án verið í nokkur ár. en nægilega fjölbreyttan mat, klæði, eldsneyti, almenn verkfæri o. fl. af árlegum þörfum, verður að framleiða í landinu sjálfu.

Til þess að koma þessu í framkvæmd vill höf. að settur sé á stofn heimilaidnaður og gerir ítarlega grein fyrir, hvernig hann hugsar sér fyrirkomulag á honum. Telur hann heimilaidnað hollastan og hentugastan oss Íslendingum, en minnst jafnframt á verksmiðju-idnað og tekur fram kosti og galla á báðum þeim idnaðaraðferðum. Um þetta segir höf. meðal annars;

»Heimila-idnlagið þarf ekki að standa mikið að baki verksmiðju-idnlaginu að verkfærum eða stjórn, heldur ekki að kunnáttu, en sá mikli galli heimila-idnlagisins, sem setur því takmörk, eru hinir miklu flutningar.

Þess vegna virðist mér, að allur idnaður úr féttu hráefni geti orðið heimila-idnaður, en idnaður úr þungum hráefnum verður verksmiðju-idnaður, bundinn við námur eða hafnir.

Það sem nauðsynlega þarf að vera sveita idnaður er tré- og járnsmiði til þess að halda við nægilegri kunnáttu til þess að gera við landbúnaðarvælar fljótt og vel, og klæðagerð, til þess að menn kunni að hagnýta gömul klæði.

Þetta virðist mér vera höfuðlinurnar, sem innlendur idnaður ætti að sniðast eftir.

Erindi þetta flutti höf. aðallega í þeim tilgangi að vekja umræður um málið í iðnf.élaginu og verður minst á þær umræður síðar.

Þá skrifar Geir verkfr. Zoega smágrein um sementsprófun. Þykir prófun sú nauðsynleg bæði vegna þess, segir l.öf. að komið hefur fyrir, að hingað hefir fluzt slæmt sement og líka vegna þess, að hérlent steypu-efni (sandur) hefir við prófanir utanlands reynst mun veikara en í öðrum löndum, er aðallega stafar af því, að sandurinn hér er úr gosa og eldfjallagrjóti og því meira og minna gleraður.

Nú hafa þýzk áhöld verið fengin til prófunar þessarar og sett upp í brúasmíðju landsins í R.vík. Mynd af áhöldunum og stutt lýsing er í greininni.

Þá er áframhald af steinsteypugrein Guðm. próf. Hannessonar. Á byrjun ritgerðar þessarar hefir verið minst allrækiliga hér í blaðinu áður og verður hennar nú ekki getið nema stuttlega úr þessu. Ritgerðin er í raun og veru hrein og bein kenslubók í steinsteypu og ætti hver maður, sem við það verk fæst eða ætlar sér að fást, að eignast hana og kynna sér rækilega. — Í þessu framhaldi eru kaflar um vainsþéttleika steypunnar, steypumót og járnskotna steypu. Síðan er 2. aðalkafl ritgerðarinnar og hljóðar um smíði einstakra hluta. Er í þessu hefti sagt til um hversu gerðir skulu veggjasteinar úr rakri blöndu og stéttarhellur úr rakri blöndu.

Iðnaðarhugleiðingar heitir næsta grein eftir Gísla Guðmundsson gerlafræðing og er um sítun skinna. — Höf. telur skinnavöru okkar ekki tryggja verzlunarvöru með þeirri verkun (söltun), sem nú tíðkast. Það hitnar í gærunum og þær úldna ef eitthvað ber út af og geymast ekki til lengdar, en verða lítils eða einskis virði ef þær seljast ekki í tæka tíð. Hins vegar geymast sítud skinn ár frá ári og eru að því leyti trygg verzlunarvara. Segir höf. að íslensk skinn séu vel til sítunar fallin og nefnir ýmsar sítunaraðferðir (krómsítun, semssítun, álúnsítun) sem og til hvers skinnin megi nota eftir sítunina.